



Fundargerð

6. fundur Skipulags- og umhverfisstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 13. mars 2025.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Björn Helgi Snorrason, Guðbrandur Magnússon, Rúnar Þorri Guðnason, Björn Hafsteinsson, Einar Björn Halldórsson og Óskar Örn Gunnarsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 13.06

Almenn mál

1. 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

Tekið fyrir eftir auglýsingu endurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps 2023-2043. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20. janúar 2025. Fyrir liggur samantekt athugasemda og umsagna og viðbrögðum sveitarfélagsins við þeim.

Með vísan til 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkir Skipulags- og umhverfisstjórn Skaftárhrepps samhljóða, tillögu að aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043 og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna, ásamt athugasemdum um tillöguna og svörum sveitarstjórnar.

2. 2403010 - Efri Vík -Selhólavegur skilmálabreyting

Tekin fyrir eftir grenndarkynningu breyting á deiliskipulagi Efri-Víkur. Tillagan var grenndarkynnt frá 18. desember 2024 til 15. janúar 2025. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma tillögunnar.

Breytingin fjallar um að bætt er við byggingarreit fyrir 300 m² skemmu á lóðinni Selhólavegur 2 (L224927) og gerður vegur og kvöð um aðkomu gegnum Selhólaveg 4 (L226329). Breytingin telst óveruleg þar sem um töluvert stóra lóð er að ræða og sömu lóðareigendur að báðum lóðum.

Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við sveitarstjórn málið fái málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



3. 2203005 - Snæbýli 1 - dsk ferðaþjónusta

Tekin fyrir eftir auglýsingu tillaga að deiliskipulagi fyrir Snæbýli 1. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20 janúar 2025. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Fyrir liggja umsagnir frá Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 1906004 - Deiliskipulag Efri Ey II og III

Tekin fyrir eftir auglýsingu tillaga að deiliskipulagi fyrir Efri Ey II og III. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20 janúar 2025. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Fyrir liggja umsagnir frá Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Slökkviliði Skaftárhrepps.

Breytingar sem gerðar voru eftir auglýsingu voru eftirfarandi:

Hnekt á umfjöllun um aðkomu og flóttaleiðir fyrir slökkvilið og fjarlægðir á milli bygginga, orðalag um smáhýsi breytt, orðalag um starfsleyfi útskýrt betur, umfjöllun um vatnsveitu löguð.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5. 2302029 - Deiliskipulag Núpum - Breyting

Tekin fyrir eftir auglýsingu tillaga að deiliskipulagi fyrir Núpa. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20 janúar 2025. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Fyrir liggja umsagnir frá fyrri auglýsingatíma frá Minjastofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem búið var að bregðast við.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



6. 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

Tekin fyrir eftir auglýsingu tillaga að deiliskipulagi Hemruhlíð. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20 janúar 2025. Ein athugasemd barst á auglýsingatíma sem leiddi ekki til breytinga á tillögunni en bætt var við í greinargerð frekari rökstuðningur um fjölda húsa og mögulegar mótvægisáðgerðir til þess að takmarka ásjáð frá nærliggjandi svæðum. Fyrir liggja umsagnir frá fyrri auglýsingatíma frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Skógræktinni og Náttúrufræðistofnun Íslands sem búið var að bregðast við.

Fyrir liggur samantekt og svör skipulagsráðgjafa við athugasemd sem barst við tillöguna. En athugasemdir leiddu ekki til breytinga á tillögunni enda álit Skipulags- og umhverfisráð að fjölgun um 9 lóðir frá þeim 20 sé ekki til þess fallin að breytingin hafi neikvæð áhrif í för með sér. Þéttleikinn sé sá sami og fjölgun lóða sé mun ofar í landinu og byggingar verði staðsettar þannig að þær falli sem best að landi. Lóðarstærðir og þéttleiki er svipaður og á öðrum skilgreindum frístundasvæðum innan sveitarfélagsins og í öðrum aðalskipulögum í nærliggjandi sveitarfélögum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. 2409004 - Giljaland, breyting á deiliskipulagi

Tekin fyrir eftir auglýsingu tillaga að breytingu á deiliskipulagi Giljaland. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20 janúar 2025. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Fyrir liggja umsagnir frá Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Slökkviliðs Skaftárhrepps.

Breytingar sem gerðar voru eftir auglýsingu voru eftirfarandi:

Eftirfarandi texta bætt við: Fráveita frá nýjum byggingum verður leidd í rotþró sunnan við byggingareitinn. Ekki er gert ráð fyrir sameiginlegu hreinisvirki vegna staðhátt. Nýjar byggingar eru staðsettar utan skógræktar. Einnig bætt við mælilínunum um fjarlægð á milli tenginga. Aðkoma að húsum eða stígatengingar að gistiskálum sýnd til skýringar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



8. 2403007 - Dalbæjarstapi deiliskipulag

Tekin fyrir eftir auglýsingu tillaga að deiliskipulagi fyrir Dalbæjarstapa. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20 janúar 2025. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Fyrir liggja umsagnir frá Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Slökkviliði Skaftárhrepps.

Breytingar sem gerðar voru eftir auglýsingu voru eftirfarandi:

Veghelgunarsvæði og málsetningum bætt við á uppdrátt, sýnt verður eitt hreinsivirki og bætt umfjöllun um rekstur hreinsivirkja og fráveitu almennt. Umfjöllun um gróðurelda bætt við í greinargerð og flóttaleiðum hefur verið bætt við á uppdrátt.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. 2502007 - Hrífunes-Breyting á fjárhúsi í gistihús-fyrirspurn um byggingaráform

Tekin fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hrífuness. Með breytingunni verði heimilt að endurbyggja núverandi byggingar á lóðinni og innrétta sem farfuglaheimili með gistingu fyrir allt að 160 manns. Afmarkaður er byggingarreitur umhverfis húsið þar sem heimilt verði að byggja minniháttar útbyggingar innan byggingarreits, að hámarki 90 m². Heimilt verði að endurbyggja burðarvirki og þök ef þörf krefur, mesta hæð hússins verði óbreytt. Heimilt byggingarmagn á lóðinni verði að hámarki 650 m² að grunnfleti, milligólf ekki meðtalin.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmæðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

10. 2503005 - Merkjalyásing-Sjónarhóll

Tekin fyrir merkjalýsing vegna stofnunar nýrrar landeignar, Sjónarhóll, sem stofnuð er úr jörðinni Hrífunes L163371 í Skaftárhreppi. Ný landeign er verslunar og þjónustu lóð, í samræmi við gildandi aðalskipulag Skaftárhrepps. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir hluta nýja lóð, Sjónarhóll, sem stofnuð er úr jörðinni Hrífunes í Skaftárhreppi, landnr. L163371. Ekki er mannvirki á lóðinni við stofnun. Aðkoma að lóðinni er af Hrífunesvegi nr. 209. Aðkoma og byggingarheimildir verða nánar skilgreind í deiliskipulagi. Kvöð er um aðkomu að svæðinu um land Hrífunes af Hrífunesvegi. Lóðin er teiknuð eftir mælingum á staðnum og eftir staðfestum landeignum að norðan og sunnanverðu, sjá nánar í merkjalýsingu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að merkjalýsingin verði samþykkt.



11. 2503006 - Efri Vík-óveruleg breyting á deiliskipulagi

Tekin fyrir óveruleg breyting á deiliskipulagi Efri Víkur. Breytingin kemur til af því að lóðamörk Kindagötu 13 eru ekki rétt afmörkuð í gildandi skipulagi og enn önnur afmörkun er skráð hjá HMS. Breytingin er gerð til þess að leiðrétta þetta. Eftir breytingu á lóðinni Kindagötu 13 verður lóðin 1,01^{ha} og Kindagata 11 verður 0,53^{ha}.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og fallið verði frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda, en fyrir liggur samþykki landeiganda.

12. 2503007 - Kindagata 13 breytt afmörkun lóðar

Erindi frá Bergi Benediktssyni og Ragnhildi Þórarinsdóttur, dagsett 28. febrúar 2025. Í erindinu er óskað eftir að breyta afmörkun lóðar við Kindagötu 13. Eftir breytingu verður lóðin 1,01^{ha}. Samþykki landeiganda liggur fyrir.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir samhljóða, breytta afmörkun lóðarinnar.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 17.14.

Jóhannes Gissurarson

Elín Heiða Valsdóttir

Björn Helgi Snorrason

Guðbrandur Magnússon

Rúnar Þorri Guðnason

Björn Hafsteinsson

Einar Björn Halldórsson

Undirritunarsíða

Jóhannes Gissurarson

Björn Hafsteinsson

Björn Helgi Snorrason

Guðbrandur Magnússon

Rúnar Þorri Guðnason

Einar Björn Halldórsson

Elín Heiða Valsdóttir